

Lög

um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Útflutningsráði ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi skv. 1. tölul. 3. gr. til verkefna af þeim toga.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tekjur Útflutningsráðs eru:

- Markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.
- Þóknun fyrir veitta þjónustu.
- Sérstök framlög og aðrar tekjur.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Útflutningsráðs skipa sjö menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu fulltrúa atvinnulífsins í samráðsnefnd, sbr. ákvæði 6. gr., og tvo án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Í samráðsnefnd Útflutningsráðs sitja fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda. Af hálfu atvinnulífsins sitja í nefndinni fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambandsins, Félags íslenskra stórkaupmanna, Verslunarráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins, Landsambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, Bændasamtakanna, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyritækja. Af opinberri hálfu sitja í nefndinni fulltrúi utanríkisráðherra, sem er formaður, og fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra. Þá eiga sæti í nefndinni fulltrúar Bygðastofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Iðntæknistofnunar. Utanríkisráðherra skipar í nefndina samkvæmt tilnefningu framangreindra aðila til tveggja ára í senn. Honum

er jafnframt heimilt í reglugerð að veita öðrum samtökum eða stofnunum aðild að samráðsnefndinni að fenginni umsögn hennar.

Samráðsnefnd Útflutningsráðs er vettvangur til samráðs og skoðanaskipta um stefnu og starfsemi ráðsins og staðfestir hún reikninga þess. Nefndin fundar ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári.

Fulltrúar atvinnulífsins í samráðsnefnd velja fimm aðalmenn og fimm varamenn til setu í stjórn Útflutningsráðs.

5. gr.

8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Utanríkisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Útflutningsráðs, að kveða nánar á í reglugerð um starfsemi Útflutningsráðs og um verkaskiptingu milli þess og utanríkisráðuneytisins.

6. gr.

Í stað ákvæða til bráðabirgða I–IV í lögnum kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 3. gr. laga þessara niður frá og með 1. janúar 2001, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2001 vegna gjaldstofns ársins 2000.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu tryggingagjalds á árinu 2000 og við staðgreiðslu þess á árinu 1999.

Við álagningu á árinu 1999 skal markaðsgjald lagt á virðisaukaskattsskylda veltu ársins 1998 í samræmi við 1. tölul. 3. gr. laga nr. 114/1990, eins og henni var breytt með 51. gr. laga nr. 122/1993.

Samþykkt á Alþingi 20. desember 1998.